

SKÝRSLA FORMANNS Á AÐALFUNDI HOLTA – OG HLÍÐAHVERFIS 22.4.2008

Stjórn hverfisnefndar Holta – og Hlíðahverfis hefur verið skipuð undanfarið ár af sömu aðilum og árið 2006 til 2007 og hefur því setið óbreytt í 2 ár. Hún er skipuð eftirtölum aðilum. Jón Heiðar Daðason formaður, Sigurjón Magnússon ritari, Valdimar Pálsson, Magna Guðmundsdóttir og Helga Aðalgeirsdóttir. Í varastjórn hafa setið Jórunn Jóhannesdóttir, Stefanía Dögg Vilmundardóttir og Eiríkur Jónsson. Er þessum aðilum þakkað ánægjulegt samstarf á þessum tíma en hluti af stjórninni getur ekki kost á sér til setu áfram. Stjórnin hefur haldið 9 stjórnarfundi á starfsárinu. Auk þess var einn opinn íbúafundur miðvikudagskvöldið 22. ágúst. Tilgangur fundarins var að kynna tillögur að skipulagi á byggingarreit sem afmarkast af Langholti, Miðholti, Krossanesbraut og Undirhlíð og var því um sama efni að ræða og er hér á fundinum á eftir Á fundinn komu rúmlega 40 manns. Logi Már Einarsson arkitekt kynnti hugmyndirnar að skipulagi á svæðinu og sýndi myndir. Hann svaraði síðan fyrirspurnum ásamt Jóni Inga Cæsarssyni formanni skipulagsnefndar, Péttri Bolla Jóhannessyni skipulagsstjóra Akureyrarbæjar og, Sigurði Sigurðssyni byggingaverktaka. Umræðan á fundinum var málefnaleg þar sem fólk lét skoðanir sínar í ljós.

Vorið 2007 lögðu nefndarmenn í umtalsverða vinnu við að skipuleggja hverfishátíð en þar sem talið var að engin heppilegur dagur væri til að halda hátíðina á var henni frestað fram í september. Þegar svo hátíðin átti að vera var rigning og kalt í veðri. Þannig að enn var hátíðinni frestað. Staðan á því er sú í dag að rætt var um að fara í samstarf með foreldrafélagi Glerárskóla og halda hátíð að hausti til.

Þann 29 nóvember fóru 3 nefndarmenn í viðtalstíma til bæjarfulltrúa í kjölfar þess að hafa sent bréf til Akureyrarbæjar þar sem óskað var eftir að örugg gönguleið yrði gerð yfir Hörgárbraut með t.d. undirgöngum. Staða þess máls er sú að undirgöngin eru á áætlun framkvæmdaráðs fyrir árið 2009. Það verður því að vona að gert verð ráð fyrir undirgöngum þarna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 sem gerð verður á síðari hluta ársins 2008.

Einnig spurðist nefndin fyrir í viðtalinu um hraðahindranir og umferðarmál í hverfinu þ.e. er erindi sem sent var til Akureyrarbæjar og lítil svör fengist við. Segja má að íbúar hverfisins mættu hafa meira samband við hverfisnefndina um ýmis mál sem brenna á þeim eða betur mætti fara í hverfinu eða koma á framfæri góðum hugmyndum sem framkvæma mætti til að efla samskipti og samstöðu íbúana en nefndin er í raun málsvari íbúana. Í því sambandi má benda á að hægt er að setja sig í samband við hverfisnefndina t.d. með tölvupósti, en upplýsingar um hana er að finna á akureyri.is/stjornkerfi/hverfisnefndir. Hægt er að senda tölvupóst á alla nefndarmenn með því að senda póst á hlidholt@akureyri.is

Jón Heiðar Daðason